

1. fundur Skólaráðs – 1. nóvember 2016.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Elín Þráinsdóttir foreldrafélagsins, Arnheiður Helgadóttir foreldri, Elísa Vigfúsdóttir greindarsamfélagið, Lýður Sveinsson nemandafélagið, Rakel Sigmarsdóttir nemandafélagið, Margrét B. Gunnarsdóttir fulltrúi kennara, Anna Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá – fundartími og starfsáætlun.

1. Fundartími var ákveðinn á þriðjudögum kl. 8:10.
2. **Starfsáætlun.** Skólastjóri lagði fram drög að áætlun um starfsáætlun. Umræður og drögin samþykkt.

3. Skipulag og áherslur vetrarins 2016-2017.

- Áfram unnið með læsið og byrja að hugsa um bættan árangur í stærðfræði.
- Styrkur frá lýðheilsustöð. Stefnt að því að vinna að verkefni í frímínútum.
- Viðburða-og skóaldagatalið 2016-2017. Farið yfir dagatalið og verkefni sem eru framundan.
- Kennslumagn – og kennsluskipulag. Tímaúhlutun og heilmikil fjölgun nemenda, enn eru að koma nýir nemendur sem eru að flytja í hverfið.
- Starfsmannahald. Skólinn er bara nokkuð vel mannaður. Þrír leiðbeinendur hafa verið ráðnir og eru þeir í námi til að ná sér í kennsluréttindi. En mikil starfsmannavelta í fristundinni. Nú er verið að auglýsa eftir umsjónarmanni yfir Álfakoti. Farið var yfir teymi sem eru í skólanum. Engir fagstjórar verða í vetur en það hefur ekki gefist vel eftir að vinnumatið var tekið upp. Rætt um haustfundi og námskynningar sem voru yfirleitt vel sóttar. Hrönn ræddi um að í haust var ekki sérstakur dagur í skólasetninguna, umræður hvernig það hafi gengið, mismunandi eftir stigum. Þetta fyrirkomulag hentaði ágætlega í unglingsdeildinni en síður í 1.-7. bekk sérstaklega þar sem skólinn er á tveimur starfsstöðvum þá flækir það skipulag.
- Nýr aðstoðarskólastjóri hefur verið ráðinn í stað Önnu Maríu Skúladóttur í Engidal, en það er Gyða Kristmannsdóttir.

4. Önnur mál.

- Samræmdum prófin í 4. Og 7. Bekk gengu vel en mikil vinna sem fór í setja iPadana upp áður og einnig á eftir að koma þeim öllum á rétta staði aftur.
- Nýr bókasafnsfræðingur, Halla Svavarsdóttir, kennari og bókasafnfræðingur hefur verið ráðin við skólann og mun hún verða í 100% starfi og stjórna bókasöfnunum báðum við skólann. Hún verður einn dag í Engidal en á móti henni verða kennarar í Engidal með safnið þar. Margar skemmtilegar hugmyndir eru um starfið á söfnunum og breytingar á skipulagi þess við Víðistaðatún.
- Tölvukostur. Hrönn fór yfir breytingu á stóru tölvustofunni og sagði frá því að skólinn hafi fengið 38 nýjar tölvur og er verið að setja þær upp. Einnig fékk skólinn 8 tölvur í styrk sem skólinn fékk frá Forriturum framtíðarinnar.
- Smíðastofan var tekin í gegn í sumar að hluta til en á eftir að gera betur.
- Söngleikurinn hjá 10. bekk. Búið að ráða tvo leikstjóra Lönu Írisi Dungal og Ástu Júlíu Elíasdóttur. Undirbúningur er hafinn.

Fleira var ekki rætt

Fundarritari Hrönn Bergþórsdóttir